

**M-9/2017. Álit 19. maí 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-9/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 3. febrúar 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna upplýsinga um gjaldfrest á stöðumælagjaldi í netbanka Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á 1.100 kr.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýr að upplýsingum um gjaldfrest á stöðumælagjaldi í netbanka seljanda og breytingu á upphæð kröfu. Er því fremur um að ræða ágreining við fjármálafyrirtæki, fremur en um ágreining á grundvelli laga um lausafjárkaup, þjónustukaup eða neytendakaup, en valdsvið kæruneftndarinnar er takmarkað við ágreining samkvæmt þeim lögum. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Er rétt að benda álitsbeiðanda á að úrskurðarneftnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar um ágreining einstaklinga við fjármálafyrirtæki.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

### **III**

#### **Álitsorð**

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður